

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að aðalbrautarréttur verði á Porragötu, að því undanskildu að umferð á Porragötu víki fyrir umferð á Suðurgötu.

Ákvörðun þessi tekur gildi 17. maí 1989.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 18. apríl 1989.*

**Böðvar Bragason.**

Nr. 228

24. apríl 1989

## REGLUGERÐ

### um bann við veiðum smábáta.

#### 1. gr.

Á eftirgreindum tímabilum eru allar fiskveiðar, aðrar en grásleppuveiðar, bannaðar á bátum minni en 10 brl., sem ekki hafa sérstök botnfiskveiðileyfi skv. 5. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990.

1. Frá og með 1. júní 1989 til og með 7. júní 1988
2. Frá og með 30. júlí 1989 til og með 8. ágúst 1988.

Veiðibönn þessi taka ekki til báta minni en 10 brl. sem fengið hafa veiðileyfi með aflahámarki skv. 2. mgr. B. liðar, C. lið og D. lið 10. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988.

#### 2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 10. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 24. apríl 1989.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Hjörtur Guðmundsson.*